



Samtök atvinnulífsins 2. júní 2006.

Greinargerð vegna hugmyndar að samkomulagi SA við ASÍ og landssambönd þess

Samtök atvinnulífsins hafa lagt fyrir ASÍ og landssambönd þess hugmynd að samkomulagi í ljósi fyrirsjáanlegra vandræða á vinnumarkaðnum á næstu mánuðum og misserum. Ef samkomulag næst á grundvelli þessarar hugmyndar munu sammingsbundnir launataxtar hækka um sérstakan taxtaviðauka að upphæð 12.000 krónur á mánuði. Í þeim tilvikum þar sem kjör eru samsett af launataxta og persónubundnum viðbótargreiðslum munu þær lækka á móti taxtaviðaukanum. Starfsfólk sem býr við betri kjör samkvæmt ráðningarsamningi en kjarasamningar tryggja á almennt ekki tilkall til umrædds taxtaviðauka. Starfsfólki fyrirtækja sem einungis hefur notið almennrar launahækkunar undanfarið ár verður þó tryggt samtals 4,5% launahækkun miðað við síðustu 12 mánuði, þ.e. allt að 2% hækkun launa til viðbótar við almenna launahækkun. Aðgerð þessari er því einkum ætlað að koma til móts við þá sem bygja laun sín á launatöxtum eða hafa ekki notið launaskriðs undanfarið ár.

Hluti af samkomulaginu er að forsendunefnd kjarasamninga telst hafa lokið störfum vegna mats á þróun verðbólgu og samningar verða því ekki uppsegjanlegir frá og með næstu áramótum heldur gilda a.m.k. út árið 2007. Samtök atvinnulífsins hafa að undanfögnu átt í óformlegum viðræðum við ýmsa forystumenn viðsejenda sinna og þessi hugmynd að samkomulagi er lögð fram í kjölfar þeirra.

Forsenduákvæði samninganna

Samkvæmt gildandi kjarasamningum skal sérstök forsendunefnd fjalla um þróun verðbólgu og efnahagsmála á samningstímanum. Meðal annars er gert ráð fyrir því að sérstaklega skuli fjalla um viðbrögð við verðbólguþróuninni eftir að vísitala neysluverðs liggur fyrir í byrjun nóvember nk. og hefur nefndin tíma til 15. nóvember til þess að ná samkomulagi ef viðmiðunarverðbólga hefur verið yfir 3%. Sem viðmiðun á að hafa til hliðsjónar árshraða verðbólgunnar miðað við 6 mánaða verðbreytingar á tímabilinu frá júní til nóvember. Verðbólga eftir þessari viðmiðun hefur verið hátt yfir viðmiðun samninga í kjölfar gengislækkunar krónunnar á fyrri hluta ársins og allar líkur eru á því að verðbólgan þannig mæld verði áfram á svipuðu róli þar sem miklar hækkanir síðustu mánaða telja áfram í verðbólguþróun fram á haust. Samtök atvinnulífsins horfa því fram á þá stöðu að hugsanlega muni ekki nást samkomulag um viðbrögð í forsendunefnd og kjarasamningum verði sagt upp frá og með næstu áramótum. Hækkun launa á þeim tímapunkti umfram það sem þegar hefur samist um yrði einungis upphaf að nýrri verðbólguþróun á árinu 2007.

Mikilvægt að ná niður verðbólgu

Á næsta ári er horft fram á mun hægari vöxt í efnahagslífinu en nú í ár. Þannig spáir fjármálaráðuneytið 1,8% hagvexti á næsta ári eftir 4,8% vöxt á þessu. Seðlabankinn gerir ráð fyrir 0,4% hagvexti á næsta ári. Samtök atvinnulífsins telja að nokkrar líkur séu á því að mjög hægi á í efnahagslífinu þar sem íbúðaf framkvæmdir verði ekki óbreyttar milli ára eins og fjármálaráðuneytið gengur út frá. Ýmislegt bendir til þess að byggingaraðilar séu að draga úr umsvifum sínum og að það komi fram með þunga á næsta ári. Mjög mikilvægt er að



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

verðbólgan verði undir markmiði Seðlabankans um leið og samdráttur verður í efnahagslífinu. Miklar launahækkningar um næstu áramót hefðu í för með sér kostnaðarverðbólgu og eyðilegðu þann möguleika að verðlag yrði stöðugt á stöðnunar- eða samdráttarári í efnahagslífinu. Það gerði síðan verðbólguhorfur til lengri tíma afar slæmar en horfur eru á því að efnahagslífið rétti úr kútnum á nýjan leik á árinu 2008. Stöðugt verðlag hefur verið ein af meginforsendum árangurs Íslendinga í efnahagsmálum á undanförunum árum og afturhvarf til verðbólgu myndi fljótt vega að samkeppnishæfni atvinnulífsins og stöðu landsins meðal þjóða heims.

Með því að mynda jarðveg fyrir lága verðbólgu á árinu 2007 er verið að skapa mun betri stöðu til þess að halda verðstöðugleika á árunum 2008 til 2010. Því er mikilvægt að eyða sérstökum verðbólguáttum á árinu 2007 og ná stöðugleika á nýjan leik. Verði kjarasamningar almennt lausir um næstu áramót er mjög erfitt að sjá fyrir hvernig þeir gætu náðst á skynsamlegan hátt á fyrstu mánuðum ársins, ekki síst vegna þess að kosið er til Alþingis í maí 2007 og hætta á því að átök í stjórnáttum og á vinnumarkaði blandist saman. Hafa verður í huga að mikill fjöldi kjarasamninga opnast í einu bæði á almennum vinnumarkaði og milli ríkisins og viðsemjenda þess. Hætt er við því að enginn aðili nái tökum á atburðarásinni við slík skilyrði og að hver einasta hugsanleg niðurstaða leiði af sér efnahagslegt tjón með afleiðingum til langs tíma.

Mikið misvægi í þróun kauptaxta

Sú stefnumörkun að samningar á almennum vinnumarkaði séu stefnumarkandi hefur ekki gengið eftir. Niðurstaða samningsgerðar hjá sveitarfélögum, ríki og aðilum sem fjármagnaðir eru af opinberu fé undanfarin misseri er sú að mánaðarlauntaxtar sem gilda hjá hinu opinbera eru víða á annan tug þúsunda króna hærri en sambærilegir launataxtar í samningum sem gilda á almennum vinnumarkaði. Sá mismunur sem nú er orðinn á umsömdum launatöxtum í sambærilegum störfum hjá opinberum aðilum og á almennum vinnumarkaði er orðinn útgangspunktur í markmiðssetningu verkalýðsfélaganna í samskiptum sínum við Samtök atvinnulífsins. Verkalýðsfélögin munu telja sig þurfa að sækja fram fyrir hönd félagsmanna sinna sem telja sig afskipta þegar félagar þeirra í sömu félögum fá ríflegar taxtahækkningar hjá opinberum vinnuveitendum eða vinnuveitendum sem eru fjármagnaðir af opinberu fé. Farið hefur af stað atburðarás sem kallar fram miklar viðbótarkröfur á almennum vinnumarkaði auk hinnar slæmu stöðu sem er vegna verðbólgunnar. Mörg fyrirtæki á almennum vinnumarkaði liggja undir þrýstingi vegna samanburðar og væntinga starfsfólks um launahækkningar í kjölfar þess sem sveitarfélög og ríkið hafa verið að veita. Að undanförunu hefur mælst töluvert launaskrið ekki síst hjá starfshópum ófaglærðra og hætt er við því að frekara launaskrið geri vinnu við kjarasamninga og aðlögun kauptaxta ennþá erfiðari.

Reynt að grípa strax inn í

Með hliðsjón af framansögðu hefur það orðið niðurstaða óformlegra viðræðna milli SA og forystumanna viðsemjenda samtakanna að þau leggja nú fram formlega hugmynd að samkomulagi og freista þess að grípa strax inn í málin með breytingum á kauphöxtum. Hinn kosturinn er að bíða sem líklega leiðir til þess að allir kjarasamningar SA, og einnig ríkisins, við verkalýðsfélögin verða lausir um áramót. Þá hæfist vinna við nýja samninga við skilyrði sem gera það illframtækilegt að ná skynsamlegri niðurstöðu. Mjög erfitt gæti reynst að hafa stjórn á þróun mála á vinnumarkaðnum með yfir 140 kjarasamninga lausa á samningssviði SA í aðdraganda kosninga til Alþingis og líkur eru á því að niðurstaðan skapaði langtímavanda í íslensku efnahagslífi.

Samtök atvinnulífsins ganga út frá því að ASÍ og landssambönd þess muni nota næstu tvær vikur til þess að fara yfir hugmyndir samtakanna og í framhaldi af því muni reyna á það hvort samkomulag næst.